



„Finnst ég aldrei standa mig og man ekki neitt“: Samviskubit, kvíði og skömm mæðra og feðra í tengslum við skóla- og tómstundavinnu barna

Auður Magnús Auðardóttir

► Abstract ► Um höfund ► About the author ► Heimildir

Hér og víða erlendis hefur krafa á aðkomu foreldra að skólagöngu og tómstundastarfi barna sinna farið vaxandi, en þessi síaukna áhersla virðist ekki hafa verið skoðuð og rædd með gagnrýnum hætti hérlendis. Markmið þessarar rannsóknar var að skoða með hvaða hætti samviskubit, kvíði og skömm birtust hjá mæðrum og feðrum í tengslum við skóla- og tómstundastarf barna þeirra. Lögð er áhersla á að skilja hvað þessi tilfinningalegu viðbrögð segja okkur um samfélagslegar aðstæður barnafjölskyldna. Gögnum var safnað með eigindlegri spurningakönnun þar sem foreldrar barna á aldrinum 0–18 ára voru beðnir um að lýsa tilfinningum sínum í tengslum við foreldrahlutverkið. Alls söfnuðust 374 svör frá mæðrum og 76 frá feðrum. Gögnin voru greind með aðferð ígrundandi þemagreiningar. Fyrra þema greiningarinnar var „*Geri ég þetta rétt?*“ Móðirin sem ábyrgðarmaður heimanáms og tómstunda. Þar greindu mæðurnar frá samviskubiti og kvíða í tengslum við skóla- og tómstundavinnu, svo sem heimalestur og æfingar. Feðurnir greindu mun síður frá slíkum tilfinningum á meðan mæðurnar lýstu samviskubitinu sem stöðugu. Svörin gáfu sterkar vísbendingar um að þær öxluðu mun meiri ábyrgð á skóla- og tómstundavinnu heldur en feðurnir. Seinna þemað nefndist *Allir fjandans tölvupóstarnir: Mæður á þriðju vaktinni*. Þar lýstu mæður þeirri hugrænu byrði sem þær þyrftu að axla vegna skóla- og tómstundavinnu sinnar og hvernig hún ylli þeim samviskubiti, kvíða og skömm. Einnig voru dæmi um slík svör frá feðrum en þau voru mun sjaldgæfari. Þessar niðurstöður eru settar í samhengi við hugmyndafræði ákafrar mæðrunar og einstaklingsvæðingu foreldrahlutverksins. Álag á mæðrunum hefur neikvæð áhrif á samskipti innan fjölskyldna og milli foreldra og fagfólks sem er andstætt hagsmunum barna og annarra fjölskyldumeðlima.

Efnisorð: samstarf heimila og skóla, áköf mæðrun, einstaklingsvæðing foreldrahlutverksins, tilfinningar, tómstundastarf

Inngangur

Aukin áhersla hefur hérlendis verið lögð á að fá foreldra til að taka þátt í skólasamfélagi og námi barna sinna, bæði á leik- og á grunnskólastigi. Þannig er lögð rík áhersla í nágildandi lögum um grunnskóla (lög um grunnskóla nr. 91/2008) á að foreldrar beri ábyrgð á námi barna sinna og fylgist með námsframvindu þeirra. Á sama tíma hefur aukinn þungi verið lagður á skipulagt tómstundastarf barna og ungmenna hérlendis, meðal annars í forvarnarstarfi gegn áhættuhegðun (Rannsóknir og greining, e.d.) og í stefnumótun sveitarfélaga sem gjarnan leggja talsverða fjármuni í að styrkja skipulagt tómstundastarf barna og ungmenna.

Íslenskar rannsóknir benda til þess að foreldrar, einkum mæður, upplifi töluvert álag í tengslum við barnauppeddi og eigi erfitt með að standa undir síauknum kröfum ákafrar mæðrunar sem til að mynda gerir ráð fyrir að foreldrar séu virkir í að velja skóla barnanna sinna (Auður Magnús Auðardóttir og Kosunen, 2020), séu virkir í foreldrasamstarfi í skólunum (Auður Magnús

Auðardóttir, 2022b) og séu skipulagðir og agaðir í því sambandi (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúðólfssdóttir, 2021).

Í þessari grein er sjónum beint að skóla- og tómsundavinnu foreldra og tilfinningalegum viðbrögðum þeirra gagnvart því hlutverki. Með skóla- og tómsundavinnu er átt við ýmiss konar vinnu sem tengist skólagöngu og tómsundaiðkun barna, svo sem að aðstoða og fylgjast með heimanámi, velja tómsundir, aðlaga börn að leikskólavist, koma þeim á réttan stað á réttum tíma, smyrja nesti og svo framvegis. Leiða má líkum að því að skóla- og tómsundavinna foreldra skapi nokkurt álag fyrir foreldra og að þetta álag hafi aukist á undanföllum árum með hugmyndafræði ákafrar mæðrunar og aukinni áherslu á skóla- og frístundastarf barna. Lítið sem ekkert er vitað um hvers konar tilfinningaleg áhrif þetta álag hefur á foreldra og með hvaða hætti þau áhrif eru ólík á milli mæðra og feðra. Hér á landi hefur verið lögð áhersla á að feður sinni uppeildi til jafns við mæður, til að mynda með því að jafna tækifæri foreldra til að taka fæðingarorlof (Ásdís A. Arnalds o.fl., 2013). Á sama tíma eru vísbendingar um að þrátt fyrir þetta sé vinnu í kringum uppeildi barna nokkuð misskipt á milli mæðra og feðra (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020) en í þessari rannsókn var kynjamunur í tilfinningaviðbrögðum við skóla- og tómsundavinnu gefinn sérstakur gaumur. Áhersla er lögð á að skilja að hvaða marki og með hvaða hætti skóla- og tómsundavinna kallar fram samviskubit, kvíða og skömm hjá mæðrum og feðrum og hvað slík tilfinningaviðbrögð segja okkur um félagslegt umhverfi barnafjölskyldna hérlendis.

Skóla- og tómsundavinna foreldra

Hjá flestum efnum þjóðum heims hafa samskipti heimila og skóla farið vaxandi undanfarna áratugi samfara aukinni skóla- og tómsundavinnu foreldra. Með aukinni áherslu á aðkomu foreldra að skóla- og tómsundastarfi barna má segja að skilin á milli skóla og heimila hafi orðið óljósari með árunum (Gillies, 2008). Foreldrum er þannig ætlað að vera kennarar barna sinna, styðja við námið með ráðum og dád, haga sér sem ábyrgir og virkir neytendur á skólamarkaði með því að velja rétta skólann en einnig réttu leikföngin, réttu umræðuefnin og bækurnar á heimilið sem eiga að vera best til þess fallnar að styðja við skólagöngu barnsins (Gewirtz, 2001; Holloway og Pimlott-Wilson, 2019). Rannsóknir sýna að þessi áhersla getur dýpkað stéttaskiptingu þar sem einungis sum börn búa á heimilum sem hafa fjárhagslegar og félagslegar aðstæður til að sinna þessu hlutverki með þeim hætti að það gagnist börnunum á formlegri skólagöngu sinni (sbr. Haley-Lock og Posey-Maddox, 2013; Holloway og Pimlott-Wilson, 2019). Aukin áhersla á samstarf heimila og skóla skapar kvíða hjá mæðrum, ekki síst mæðrum af verkalýðsstétt sem upplifa sig vanmáttugar að sinna þessu hlutverki vegna stuttrar skólagöngu sinnar (Auður Magnús Auðardóttir, 2022b; Holloway og Pimlott-Wilson, 2013).

Í nágildandi grunnskólalögum var í fyrsta sinn kveðið sérstaklega á um ábyrgð foreldra á námi barna sinna og að þeim bæri að fylgjast með framvindu þess (lög um grunnskóla nr. 91/2008). Fagfólk í skólum hérlendis telur einnig ákjósanlegt að foreldrar taki virkan þátt í ýmiss konar skólavinnu. Til að mynda telja 89% ákjósanlegt að foreldrar mæti á viðburði í skólum. Þá telja 94% þeirra ákjósanlegt að foreldrar aðstoði við heimanám og 84% (43% mjög ákjósanlegt og 41% frekar ákjósanlegt) að þeir eigi að skipuleggja viðburði tengda skólasókn barnanna (Kristín Jónsdóttir, 2013). Í sömu rannsókn voru foreldrar einnig spurðir um afstöðu til þess að skipuleggja viðburði en þar kom í ljós að þeir reyndust talsvert meira hikandi í afstöðu sinni heldur en fagfólk í skólum þar sem 25% töldu það mjög ákjósanlegt (samanborið við 43% fagfólks í skólum) og 48% frekar ákjósanlegt (samanborið við 41% fagfólks í skólum) (Kristín Jónsdóttir, 2013). Nokkur stéttarmunur var á viðhorfi foreldra til skólavinnu og þeir foreldrar sem voru með styttri formlega menntun töldu síður ákjósanlegt að þeir tækju þátt í ýmiss konar starfi innan skólans. Þetta þarf ekki að koma á óvart þar sem það hefur sýnt sig hérlendis og erlendis að foreldrar af verkalýðsstétt upplifa sig gjarnan utanveltu á vettvangi skólanna, ekki síst í samskiptum við aðra foreldra þar sem þeir virðast síður öðlast inngöngu í óformlegt tengslanet (Auður Magnús Auðardóttir, 2022b; Holloway og Pimlott-Wilson, 2013). Engar rannsóknir hérlendis að mér vitandi eru til um mögulegan kynjamunur á viðhorfum foreldra til þátttöku í skólavinnu barna sinna.

Talsverð áhersla hefur einnig verið lögð á skipulagt tómskundastarf barna og unglunga hér á landi. Þannig kynnti Mennta- og barnamálaráðuneytið nýja stefnu um tómsunda- og félagsstarf barna og ungmenna árið 2022 þar sem meðal annars er áréttað mikilvægi þess fyrir framtíð lýðræðis og sem hluta af í forvarnarstarfi gegn áhættuhegðun. Þar kemur einnig fram að ör þróun sé í málaflokknum og sívaxandi áhersla lögð á faglegt og skipulagt tómsundastarf sem standi sem flestum til boða (Mennta- og barnamálaráðuneytið, 2022). Ekki er sérstaklega komið inn á hlut foreldra í tómsundavinnu barna sinna í stefnunni en þó liggur í augum uppi að samhliða aukinni skipulagðri tómsundavinnu barna aukast kröfur til foreldra um bæði tíma, skipulag og fjárútlát.

Áköf mæðrun og þriðja vaktin

Aukin áhersla á skóla- og tómsundavinnu foreldra er hluti af alþjóðlegri þróun á samfélagslegri ábyrgð foreldra. Undanfarna áratugi hafa kröfur á hendur foreldrum aukist mjög hérlendis og erlendis. Hugmyndafræði ákafrar mæðrunar er nú ráðandi í Evrópu og Norður-Ameríku (Cappellini o.fl., 2019) og hefur einnig skotið rötum hérlendis (Sunna Kristín Símonardóttir og Hlédís Maren Guðmundsdóttir, 2022). Þar sem áður fyrr þótti nægilegt að gefa barninu ást, húsaskjól og fæði er nú gerð krafa um að foreldrar séu virkir í uppeldinu á margvíslegan hátt (Vincent, 2017). Þetta getur til dæmis birst í að það þyki vísbending um að foreldrar standi sig vel ef þeir velja einkaskóla fyrir börn sín (Auður Magnús Auðardóttir og Kosunen, 2020) og séu skipulagðir og leggi sig fram við að örva barnið heima fyrir (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020; Auður Magnús Auðardóttir, 2022a; Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfsdóttir, 2021). Samkvæmt Hays (1996) er áköf mæðrun hugmyndafræði sem snýst um að mæður eigi ávallt að setja þarfir barnsins framar sínum eigin þörfum, að þær eigi að leggja mikla vinnu á sig til að sinna þörfum barnsins sem einstaklings og koma til móts við óskir þess í hvívetna. Áköf mæðrun er mjög tímafrek, gerir þá kröfu til mæðra að þær séu sérfræðingar í barnauppleði og gerir einnig ríkulegar kröfur um tilfinningavinnu mæðra. Áköf mæðrun er einnig fjárhagslega dýr þar sem mæðurnar þurfa að vera reiðubúnað að minnka við sig vinnu, borga fyrir ráðleggingar fagfólks og fyrir tómsundir og skóla sem taldir eru í hæsta gæðaflokki. Hérlendis hefur hugmyndafræði ákafrar mæðrunar skotið nokkuð öruggum rötum og mögulega haft letjandi áhrif á barneignir (Sunna Kristín Símonardóttir, 2016; Sunna Kristín Símonardóttir og Hlédís Maren Guðmundsdóttir, 2022). Holloway og Pimlott-Wilson (2019) hafa bent á að skóla- og tómsundavinnu foreldra auki ólaunaða umönnunarvinnu kvenna umtalsvert, en hún felst nú þegar í að elda matinn, þrifa og hugsa um tilfinningalegar og líkamlegar þarfir barnanna. Með auknum þunga í skóla- og tómsundavinnu foreldra bætist hér við að mæður sinni menntunarlegum þörfum barna sinna með lestrarþjálfun, skutli í tómsundir og stuðning við þær, málörvun og aðstoð við heimanám svo eitthvað sé nefnt (Gewirtz, 2001; Holloway og Pimlott-Wilson, 2013).

Þessi hugræna byrði hefur verið nefnd þriðja vaktin og verið skilgreind sem „hugsun tengd markmiðum fjölskyldunnar“ (e. thinking activity performed for family goals; Robertson o.fl., 2019). Þessar hugsanir tengjast meðal annars skipulagsvinnu, að fylgjast með og sjá fyrir þarfir fjölskyldumeðlima og að hafa eftirlit með sjálfum sér (e. self-regulating; Robertson o.fl., 2019). Í rannsókn sinni komust Ciciolla og Luthar (2019) að því að hugræn byrði mæðra og það hversu ójafnt henni er skipt á milli mæðra og fedra hefur bein neikvæð áhrif á velferð mæðra. Rannsóknir benda jafnframt til þess að það sem einkenni þriðju vaktina sé að þær byrðar sem fylgja henni séu ósýnilegar og fari að mestu fram á hugrænan hátt, en henni fylgi einnig mikil líkamleg vinna. Annað einkenni er að þriðja vaktin er markalaus á þann hátt að hún hefur áhrif á launaða vinnu utan heimilis, frístundatíma og svefn þeirra sem hana axla. Þá má búast við að þriðju vaktinni ljúki í raun aldrei, hún felur í sér stöðuga hugræna og oft einnig líkamlega vinnu. Að auki er ljóst að konur axla mun meiri ábyrgð á þriðju vaktinni heldur en karlar (Dean o.fl., 2022; Wayne o.fl., 2023) en 76% íslenskra kvenna segjast bera meiri ábyrgð á þriðju vaktinni á sínu heimili samanborið við 6% karlmanna (Pétur Magnússon, 2023). Rannsóknir Valgerðar S. Bjarnadóttur og Andreu Hjálmsdóttur (2020, 2021) gefa til kynna að ábyrgð mæðra á þriðju vaktinni hafi ekki síst afhjúpast í covid-faraldrinum þar sem skólastarf var takmarkað og líf fjölskyldna raskaðist mikið. Hið óvenjulega ástand sem ríkti þá hafi í

raun varpað ljósi á dulda, kynjaða strúktúra sem þegar voru til staðar í þjóðfélaginu þar sem mæður bera aðallega hita og þunga af hugrænni byrði í daglegu lífi fjölskyldna. Hérlendis benda aðrar rannsóknir einnig til þess að þrátt fyrir mikla atvinnuþátttöku kvenna (OECD, 2022) beri þær engu að síður meiri ábyrgð á barnauppleði og heimilisstörfum heldur en karlmenn (Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir, 2020; Ingólfur V. Gíslason og Sunna Kristín Símonardóttir, 2018). Þetta eru einnig niðurstöður meistarafræðingur Ragnheiðar Davíðsdóttur (2023) þar sem hún komst að því að hérlendis væri hugrænni byrði vegna heimilishalds misskipt á þann hátt að mæður öxluðu meira af henni heldur en fedur.

Hugmyndafræði ákafrar mæðrunar gerir ráð fyrir að konur séu fyrst og fremst mæður, fremur en útivinnandi einstaklingar, og því er talið jákvætt að mæður minnki við sig vinnu til að helga sig barnauppleði (Hays, 1996). Það hefur enda sýnt sig að mæður sem gangast þessari hugmyndafræði á hönd eru líklegri til að fylgja hefðbundnum kynhlutverkum innan fjölskyldunnar þar sem faðirinn sinnir launaðri vinnu utan heimilis en móðirin ber ábyrgð á uppleði og heimilishaldi (Williamson o.fl., 2023). Þessi hugmyndafræði er því nokkuð á skjön við hornstein norræna velferðarkerfisins þar sem gert er ráð fyrir að foreldrar vinna báðir úti og sinni einnig báðir uppleði og heimilisstörfum. Þetta birtist meðal annars í því að íslenskar konur vinna einna mest kvenna í öllum OECD-ríkjunum, lítið er á leikskóla sem fyrsta skólastigið og ein helsta krafa kvennabaráttu 8. áratugarins var að konum yrði gert kleift að vera útivinnandi eða mennta sig, einnig eftir að þær urðu mæður (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2022). Íslensk rannsókn bendir til þess að samfélagsleg viðhorf til móðurhlutverksins hafi breyst mikið frá þessari tíð. Þannig var móðurhlutverkið áður talið hindrun á vegi kvenna til þess að verða sjálfstæðir einstaklingar með sínar eigin þarfir og langanir en mæður börðust fyrir því að geta verið sjálfstæðir einstaklingar ásamt að vera mæður (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2022). Börnum var þá sömuleiðis lýst sem sjálfstæðum og duglegum einstaklingum sem ekki þyrftu stöðuga umönnun frá heimavinnandi móður. Þvert á móti hefðu þau gott af því að sjá móður sína eiga sér sjálfstætt líf utan heimilisins (Auður Magnús Auðardóttir, 2022a). Nú á dögum má aftur á móti sjá mark ákafrar mæðrunar á samfélagslegum viðhorfum til móðurhlutverksins þar sem það virðist æðsta köllun hveðrar konu og ómissandi þáttur í þroska hennar (Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir, 2022). Börnum er á sama tíma lýst sem litlum snillingum og andlegum leiðtogum mæðra sinna (Auður Magnús Auðardóttir, 2022a).

Áköf mæðrun er einnig einn angur af samfélagslegri oftrú á uppleði. Gjörðir foreldra sem einstaklinga eru þá taldar stýra bæði sorgum og sigrum barna í einu og öllu en skilning skortir á félagslegum veruleika fjölskyldnanna. Þetta hefur verið nefnt einstaklingsvæðing foreldrahlutverksins (Geinger o.fl., 2014). Þá er lítil eða engin áhersla lögð á að skoða með hvaða hætti samfélagsgerðin, möguleg jaðarsetning eða aðrir þættir hafa áhrif á líf barnanna og uppleðisástandur innan fjölskyldunnar (Fargion, 2023; Gillies, 2008). Af þessu leiðir að mæður sem glíma við jaðarsetningu, til dæmis vegna stéttarstöðu sinnar eða uppruna, eru álitnar vanhæfar mæður vegna þess að börnum þeirra gengur verr að fóta sig (Gillies, 2008). Hugmyndafræði ákafrar mæðrunar er orðin að viðteknum viðmiðum um hvað telst gott uppleði. Það er flókið að ætla að gagnrýna það að foreldrar séu hvattir til verja tíma með börnum sínum, aðstoða við heimanám og skutla í tómstundir. Fargion (2023) bendir á að gagnrýnendur ákafrar mæðrunar séu oft útmálaðir sem slæmir foreldrar eða ófaglegt fagfólk. Á sama tíma sé samt mikilvægt að halda áfram að skoða áhrif ákafrar mæðrunar á líf barnafjölskyldna, enda ljóst að hugmyndafræðin geti verið skaðleg fyrir foreldrana, einkum mæðurnar, og þá um leið einnig börnin. Þessi rannsókn er einn liður í þeirri viðleitni.

Rannsóknin

Þessi rannsókn er byggð á gögnum sem safnað var með eigindlegri spurningakönnun þar sem foreldrar barna á aldrinum 0–18 ára voru beðnir um að lýsa tilfinningum sínum í tengslum við foreldrahlutverkið. Þær tilfinningar sem spurt var um voru hamingja, samviskubit, kvíði, stolt og skömm. Spurt var: Hefur þú upplifað samviskubit í tengslum við foreldrahlutverkið? Undir þessari spurningu voru nokkrar undirspurningar til að aðstoða fólk við frásögnina. Þær voru: Hversu algeng

er þessi tilfinning hjá þér? Lýstu aðstæðum þar sem þú upplifðir samviskubit. Af hverju upplifðir þú samviskubit? Hvernig brást þú við þessum tilfinningum? Á sama hátt var spurt um hinar tilfinningar. Svarendur svöruðu spurningunum um hverja tilfinningu í einu textaboxi. Eigindleg spurningakönnun sem aðferð er vel til þess fallin að rannsaka viðkvæm og persónuleg málefni á borð við tilfinningar. Þátttakendur hafa fullt frelsi til að svara á þeim tíma sem þeim hentar og nafnleynd þeirra er betur tryggð heldur en ef þeir þyrftu að taka þátt í viðtali í eigin persónu (Braun o.fl., 2020; Davey o.fl., 2019). Þetta atriði er ekki síst mikilvægt vegna smæðar íslensks samfélags þar sem líklegt er að þátttakendur þekki til rannsækendanna. Nafnleyndin gerir einnig að verkum að þátttakendur eru viljugri til að deila persónulegri reynslu sinni (Braun o.fl., 2020) enda bera svörin við spurningalistanum þess merki. Auðvelt er að fá góða þátttöku í eigindlegum spurningalistum og svörin fela því í sér breidd sem erfitt væri að fá með öðrum hætti í eigindlegri rannsókn (Braun o.fl., 2020; Toarien og Wilkinson, 2004). Allir svarendur fengu upplýsingar um tilgang rannsóknarinnar, voru upplýstir um sinn rétt og gáfu upplýst samþykki fyrir að taka þátt í rannsókninni. Engum persónuupplýsingum var safnað.

Spurningalistanum var dreift á samfélagsmiðlum, til að mynda í Facebook-hópum á borð við *Mæðratíps*, *Pabbatíps* og öðrum stórum hópum á tímabilinu 3.–24. október 2022. Til að hvetja til þátttöku var svarendum boðið að taka þátt í happdrætti með því að skilja eftir netfang sitt í gagnabanka sem ekki var tengdur við svör þeirra í könnuninni. Þrír þátttakendur fengu 10.000 gjafabréf í Kringlunni. Alls svöruðu 454 þátttakendur könnuninni og heildarorðafjöldi reyndist verða um 100.000 orð. Mikill meirihluti svarendanna (82%) voru mæður, eða 374, en 17% voru feður (76 svör). Fjórir svarendur voru kynsegin en sá hópur reyndist of fámennur til að hægt yrði að nýta svörin í greiningu sem byggði á samanburði eftir kyni. Í greiningunni styðst ég við ákveðna tvíhyggju hvað varðar kyn, mæðrun og feðrun sem ég tel nauðsynlega til að svara þeim rannsóknarspurningum sem ég hef lagt upp með. Ég tel þó að vel mætti skoða á hvaða hátt þátttakendur ögra viðteknum viðmiðum um mæðrun og feðrun í svörum sínum. Kyngervi tengt uppeldi er að öllum líkindum í senn staðfest og afbyggt í svörum þátttakendanna og væri skoðun á þeim ferlum áhugavert markmið fyrir framtíðarrannsóknir. Þátttakendur voru flestir af millistétt, háskólamenntaðir og gátu skrifað á íslensku. Alls sögðu 83% þátttakendanna að fjárhagsstaða heimilisins væri góð eða mjög góð og 77% voru með háskólamenntun. Þessi slagsíða þarf ekki að koma á óvart þar sem það er einkum þessi hópur sem býður sig fram í rannsóknir af þessu tagi. Braun o.fl. (2020) benda á að eigindlegir spurningalistar geri ráð fyrir að þátttakendur séu vanir að tjá sig í skrifuðu máli og þeir séu því óaðgengilegir fyrir suma hópa samfélagsins.

Þrátt fyrir mikinn fjölda svara taldist þessi rannsókn í eðli sínu eigindleg að því leyti að hún gengst undir þau viðmið sem sett eru fyrir slíkar rannsóknir eins og þeim er lýst í Braun og Clarke (2022, bls. 5–6). Má þar til dæmis nefna að markmið rannsóknarinnar var að skilja ferli, merkingu og hvernig samfélagslegur skilningur á rannsóknarefninu er mótaður en ekki að skýra orsakasambönd eða kanna tilgátur. Þá var markmið spurningalistans að safna ríkulegum og djúpum svörum við spurningunum fremur en að búa til þekkingu sem tölfræðilega væri hægt að alhæfa út frá. Í greiningarferlinu er lögð áhersla á texta og merkingu hans fremur en tölur og samband á milli breyta. Ég beitti ígrundandi þemagreiningu við greiningarvinnuna en verkferill hennar felst í eftirfarandi skrefum: 1) að kynnast gögnunum, 2) kóðun, 3) drög að þemum smíðuð, 4) þemu þróuð og endurskoðuð, 5) þemu fínþússuð, skilgreind og nefnd, 6) greiningin skrifuð niður (Braun og Clarke, 2022). Ég kóðaði gögnin í samræmi við markmið rannsóknarinnar og hafði einnig í huga fyrri rannsóknir á efninu. Í upphafi var ég með lauslega mótaða rannsóknarspurningu sem ég þróaði eftir því sem ferlinu vatt fram. Ég legg ríkulega áherslu á að staðsetja greiningu mína innan samfélagslegs samhengis og fyrri rannsókna en slíkt er eitt af lykilatriðum ígrundandi þemagreiningar.

Ég er sjálf tveggja barna móðir, háskólamenntuð, bý ekki við þröngan fjárhag og er í hjónabandi. Það er því ljóst að ég tilheyr þeim hópi sem var hvað líklegastur til að svara þessum spurningalista. Kveikjan að þessu verkefni var ekki síst sú að ég þekki þær tilfinningar sem hér eru til umfjöllunar vel á eigin skinni. Á mínum fræðiferli hef ég leitast við að skilja með hvaða hætti kúgun jaðarsettra hópa, einkum mæðra og hinsegin fólks, er í sífellu sköpuð og endursköpuð. Sú persónulega staða sem ég er í, verandi móðir með samviskubit, kvíða og skömm, ásamt þessum fræðilega áhuga mínum varð

til þess að ég réðst í þessa rannsókn. Samstarfskona mín Annadís Greta Rúdólfsdóttir hefur einnig sama fræðilega áhuga og gagnaöflunarnálgunin var unnin í samvinnu við hana.

Greining

Í þessum hluta eru kynnt tvö þemu úr gögnum rannsóknarinnar. Fyrra þemað nefni ég „*Geri ég þetta rétt?*“ *Móðirin sem ábyrgðarmaður heimanáms og tómstunda* en þar var kafað ofan í tilfinningar foreldra í tengslum við heimanám, lestur og tómstundaiðkun barna þeirra. Seinna þemað var *Allir fjandans tölvupóstarnir: Mæður á þriðju vaktinni*. Þemun tvö eru mjög tengd og í raun erfitt að skilja fullkomlega á milli þeirra. Það að mæður beri ábyrgð á heimanámi og tómstundum er auðvitað undirstaða þess að þær finni fyrir byrðum þriðju vaktarinnar.

„Geri ég þetta rétt?“ *Móðirin sem ábyrgðarmaður heimanáms og tómstunda*

Undir þetta þema flokkast 13 kóðar sem fjölluðu á einn eða annan hátt um kvíða, samviskubit og skömm vegna heimanáms og tómstunda en í gögnunum frá fedrunum kom ekkert fram um þennan þátt. Ég er því í raun að bera svör mæðranna saman við þögnina frá fedrunum. Þannig var nokkuð algengt stef í gögnunum frá mæðrunum að þær væru með samviskubit eða kvíða vegna lestrar eða heimanáms barna sinna á meðan feðurnir minntust ekki á slíkt.

[Ég fæ] samviskubit þegar mér finnst ég ekki hafa verið nógu dugleg að lesa fyrir börnin eða láta þau lesa nógu oft heima. Bregst við með því að reyna að taka mig á og gera betur (móðir, í hjónabandi eða sambúð, þrjú börn á aldrinum 6–17 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 20).

Já stöðugt samviskubit, sérstaklega gagnvart eldra barninu að vita ekki hvernig á að hjálpa því í gegnum félagslegar aðstæður og áskoranir í námi, kunna ekki að ala upp og styðja barnið. Stöðugt samviskubit að barnið sé ekki nógu vel læst og við séum ekki að æfa lesturinn nægilega heima, vita ekki hvernig við eigum að taka á þessu og líka samviskubit að hafa ekki ýtt nógu mikið á að barnið fengi hjálp í skólanum (móðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 1–12 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 149).

Svarendur hér að ofan lýsa samviskubitinu sem stöðugu, en þetta var algengt stef í gögnum frá mæðrunum. Það að vita ekki hvernig ætti að styðja barnið í tengslum við nám og félagslegar aðstæður í skólanum virtist til dæmis leiða til þess að svarandi 149 sagðist yfirhöfuð ekki „kunna að ala upp og styðja barnið“. Þannig varð uppeldisvinna tengd skólanum, lestri og námsárangri allsráðandi í dómi hennar um sig sjálfa sem móður. Við sjáum að móðirin tekur á sig alla ábyrgð vegna heimalesturs og áskorana í námi, bæði við að þjálfva barnið heima fyrir en einnig að það sé á hennar ábyrgð að veita skólanum aðhald. Þetta er í samræmi við breytingar á hlutverki foreldra undanfarna áratugi þar sem ætlast er til þess að þeir séu kennarar barnanna sinna en einnig að þeir séu virkir neytendur á skólamarkaði. Foreldrum sé þannig ætlað að sýna færni sína með því að veita skólum aðhald og láta í sér heyra ef þeim finnst barnið sitt ekki fá nægilega góða þjónustu (Gewirtz, 2001). Við sjáum á gögnunum að jafnvel mæður sem eru í ákveðinni forréttindastöðu að því leyti að vera háskólamenntaðar og í hjónabandi eða sambúð finnst þetta hlutverk erfitt, það veldur þeim streitu og tilfinningaleg viðbrögð þeirra eru samviskubit, vanlíðan og sjálfsefi sem birtist í heiti þessa þema – „*Geri ég þetta rétt?*“. Við sjáum einnig að hin aukna áhersla á foreldra sem kennara og eftirlitsaðila skólakerfisins bitnar harðar á mæðrum sem ítrekað minnst á streituna sem þetta hlutverk veldur þeim á meðan feður minnst ekki á slíkt. Heimanám kemur ekki fyrir í gögnunum frá fedrunum og þeir minnst eingöngu á lestur barna sinna í svörum við spurningu um hvenær þeir finna fyrir hamingju og stolti en ekki samviskubiti, kvíða eða skömm. Vart er hægt að undirstrika nægilega hversu afgerandi þessar niðurstöður eru og hversu mikla sögu þær segja okkur um kynjaða ábyrgð á heimanámi og lestri barna hér á landi.

Mæðurnar virðast einnig taka á sig ábyrgð á tómsundaiðkun barna sinna. Mikil áhersla hefur verið lögð á skipulagða tómsundaiðkun barna og unglunga hérlendis sem lið í forvörnum gegn áhættu hegðun. Í gögnum þessarar rannsóknar sjáum við að þessi áhersla hefur tilfinningalegar afleiðingar fyrir mæður en mun síður fyrir fedur. Í svörum fedranna kemur því ekki fram kvíði eða samviskubít yfir að barnið sé ekki í tómsundum eða ekki í réttu tómsundunum en slíkt kemur reglulega fram í svörum mæðranna:

Já, ég hef bæði upplifað kvíða og áhyggjur. Ég myndi segja að sú tilfinning sé nokkuð algeng. Ég hef stundum áhyggjur af því að ég sé ekki að gera nóg, að þær eigi að vera í fleiri tómsundum, fá tækifæri til að stunda fleiri íþróttir o.s.frv. og það muni einhvern veginn koma niður á þeim ef þær hafa ekki sömu tækifæri og aðrir (móðir, einhleyp, tvö börn á aldrinum 6–12 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 195).

Ég er með samviskubít yfir því að hafa ekki tíma til að setja hann í íþrótt (þó hann sé ekki að óska eftir því) (móðir, í hjónabandi eða sambúð, eitt barn á aldrinum 1–5 ára, próf á framhaldsskólastigi, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 269).

Bregst ég rétt við? Geri ég þetta rétt? Fá þær stuðninginn og örvunina sem þær þurfa? Eru þær í of fáum tómsundum ... eða of mörgum? Við ættum að lesa meira og flossa oftar (móðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 6–12 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 409).

Við sjáum í svari mæðranna að þær tengja meintan skort barnanna á tómsundatækifærum beinlínis við það sem þær sem mæður og einstaklingar gera, eða öllu heldur gera ekki. Hjá svaranda 195 sjáum við dæmi um ákveðna oftrú á uppeldi, þar sem það er talið stýra talsverðu varðandi framtíðarhorfur barnsins (sbr. Fargion, 2023; Gillies, 2008). Hún tengir tómsundaiðkun barnanna með beinum hætti við farsæld þeirra og óttast að það muni koma niður á þeim ef þau eru ekki í tómsundum – sem hún aftur tengir við sína hæfni sem móður, að það sé eingöngu á hennar ábyrgð að skapa þessi tækifæri. Svarandi númer 269 bendir sérstaklega á að tímaskortur verði til þess að barnið, sem er á leikskólaaldri, stundi ekki íþrótt og að þetta valdi henni samviskubít. Hér sjáum við áhrif þess að skyldum foreldra hefur fjölgað mikið og til þess að teljast hæft foreldri þurfi að sinna heimanámi og formlegum tómsundum (Fargion, 2023; Gewirtz, 2001), jafnvel á meðan börnin eru enn mjög ung og jafnvel þó þau sjálf hafi ekki óskað eftir því. Þögn er um þessi atriði í gögnunum frá fedrunum en aftur á móti hefur pressa samfélagsins á tómsundaiðkun barna bein tilfinningaleg áhrif á með hvaða hætti mæðurnar líta á sig. Viðbrögð mæðranna eru að mestu einstaklingsbundin; þær beina spjótum að sjálfum sér fremur en samfélagsgerðinni og upplifa því kvíða, skömm og áhyggjur.

Í svörum sumra mæðranna má sjá það álag sem áköf mæðrun skapar, ekki einungis á þær sjálfar heldur einnig á samband þeirra við börnin. Þannig bitna auknar kröfur um heimalestur, stöðuga örvun og tómsundaiðkun á samskiptum þeirra:

Einnig kemur samviskubít ef ég hef ekki orku til að sinna heimalestri eða æfingum á hljóðfæri reglulega. Ég reyni auðvitað að bæta mig þegar ég hef meiri tíma en einnig get ég brugðist við með því að koma „sök“ yfir á barnið um að það eigi að geta sýnt frumkvæði í að lesa/æfa sig sjálft (móðir, í hjónabandi eða sambúð, eitt barn á aldrinum 6–12 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 54).

Samviskubít yfir að gera ekki uppbyggilega og nærandi hluti með börnunum mínum, yfir að hafa ekki stjórn á skjánotkun, yfir allri þeirri óhollustu sem þau innbyrða, yfir að ofdekra þau, yfir að þau lesi ekki bækur. Samviskubítið er verst fyrir sjálfa mig, ég verð ergileg og stressuð og glími við togstreituna um að samviskubítið hjálpi ekki neinum og yfir því að geta ekki hrist það af mér. Úr samviskubítinu sprettur örugglega stundum reiðifyrirllestur um þessi atriði (skjánotkun, lestur, mataræði) sem kann að virðast sem þruma úr heiðskíru lofti gagnvart börnunum (móðir, í hjónabandi eða sambúð, háskólamenntuð, tvö börn á aldrinum 6–17 ára, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 224).

Báðar mæðurnar hér að ofan lýstu því að vegna álagsins sem þær upplifðu varðandi heimalestur, tómsundur og fleiri atriði beindu þær í örvæntingu spjótum sínum að börnunum (svarandi 54) eða yrðu ergilegar og héldu reiðilestur yfir þeim (svarandi 224). Þannig má segja að hugmyndafræði ákafrar mæðrunar bitni ekki eingöngu á mæðrum, heldur einnig á börnum sem er ætlað að láta að stjórn hvað varðar lestur, heimanám, æfingar og allt hvað eina sem móðirin ber ábyrgð á að sé sinnt. Hér verður ljóst hversu mikil tilfinningaleg vinna fylgir áköfu mæðruninni. Mæðrunum er ætlað að stýra börnum sínum á mjög ákveðinn hátt og börnunum er ætlað að láta að stjórn. Hugmyndafræði ákafrar mæðrunar, sem fylgjendur segja að sé til þess fallin að gæta hagsmuna barna, virðist hér vinna með beinum hætti gegn þeim og bitna á sambandi barna við móður sína. Dean o.fl. (2022) benda á að ólaunuð vinna mæðra felist ekki síst í hugrænni byrði þar sem þau hlutverk sem þeim er ætlað að sinna tengjast oftast en ekki tilfinningasviði fjölskyldna en síður til dæmis að sinna viðhaldi á húseign eða öðru sem snertir ekki eða minna við tilfinningum og samskiptum fjölskyldumeðlima. Augljóst er að hlutverk mæðra sem ábyrgðaraðila heimanáms og tómsunda skapar verulega útblásna þriðju vakt, en í næsta þema eru því hugtaki gerð nánari skil.

Allir fjandans tölvupóstarnir: Mæður á þriðju vaktinni

Þetta þema fjallar um skipulagsvinnu í tengslum við tómsundur og skóla og hvers konar tilfinningaleg viðbrögð mæður og fedur sýna varðandi hana. Þessa skipulagsvinnu og þá hugrænu byrði sem henni fylgir nefni ég hér þriðju vaktina. Sem fyrr var mun meira um að mæðurnar teldu skipulagsvinnuna valda sér kvíða, samviskubíti og skömm heldur en fedurnir. Svarandi númer 275 er nokkuð dæmigerður hvað þetta varðar en þar lýsir móðir kvíða vegna allra þeirra fjölmörgu skilaboða sem koma frá skólanum:

Ég er líka stundum kvíðin yfir fyrirmælum frá skólanum, heimalestur, heimanám, sparínesti, litadagar, starfsdagar, hálfir dagar og svo framvegis, svo ótrúlega margt að muna og mikið skipulag sem þarf alltaf að passa upp á (móðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 1–12 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 275).

Nokkrir fedur tóku í sama streng en þetta þema var þó mun veigaminna hjá þeim heldur en hjá mæðrunum. Tveir fedur segja svo frá:

Maður skammast sín þegar maður klúðrar einhverju praktísku, gleyma að koma með aukaföt á leikskólann 2 daga í röð, einhvern tímann átti eitt barnið útigalla sem við ætluðum að láta duga en var of stór ... þannig hlutir (faðir, í hjónabandi eða sambúð, þrjú börn á aldrinum 1–12 ára, háskólamenntaður, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 315).

Sjaldan [kvíðinn]. Helst við skipulag og utanumhald um frístundur og skóla þeirra. Ég ræði þær, en finnst samt stundum of mikið að hugsa um (faðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 6–12 ára, háskólamenntaður, utan höfuðborgarsvæðisins, svarandi númer 140).

Svör fedranna sýna að sumir þeirra upplifa svipaðar tilfinningar og mæðurnar í tengslum við ábyrgð á þriðju vaktinni en þær koma þó mun sjaldnar upp í gögnunum heldur en hjá mæðrunum. Þetta er í samræmi við niðurstöður Ragnheiðar Davíðsdóttur (2023) en í rannsókn hennar kom fram að konur í gagnkynja samböndum væru líklegri til að sjá um skipulag og samskipti í tengslum við skóla barnanna og að þetta yki á hugræna byrði þeirra. Mæðurnar voru einnig líklegri til að nefna að þær þyrftu að leggja harðar að sér. Tilfinningalegu viðbrögðin við því að gleyma einhverju í tengslum við skóla eða tómsundur kölluðu fram hjá mæðrunum stívari aga og enn meira skipulag. Þessi sömu viðbrögð má sjá í rannsókn Fielding-Singh og Cooper (2023) þar sem mæðurnar í þeirri rannsókn tókust á við samviskubít með þeim hætti að leggja harðar að sér. Slíkt skilaði sér þó ekki í minna samviskubíti heldur þvert á móti jók á það og þá andlegu og líkamlegu vinnu sem mæðrunum fannst þær þurfa að leggja á sig. Hér má sjá það sem Berlant (2011) kallar andstyggilega bjartsýni (e. cruel optimism) þar sem fólk keppist við að ná óraunhæfu markmiði og ber skaða af. Við sjáum annað dæmi um þetta í orðum svaranda númer 9 sem bregst við skömminni yfir að standa sig ekki á þriðju vaktinni með því að reyna að gera betur og taka sig á:

Kemur stundum fyrir [skömm] þegar mér finnst ég ekki vera að standa mig nógu vel, börnin koma of seint í skólann eða gleyma íþróttafötum, gleyma að lesa heima í marga daga ... reyni að gera betur, setja áminningar í símann og taka mig á (móðir, í hjónabandi eða sambúð, þrjú börn á aldrinum 6–12 ára, háskólamenntuð, utan höfuðborgarsvæðisins, svarandi númer 9).

Dean o.fl. (2022) benda á að þriðja vaktin, og hugræna byrðin sem henni fylgi, virði engin mörk og hafi til að mynda áhrif á launaða vinnu og svefn mæðra. Áhyggjur og samviskubit láta ekki eingöngu á sér kræla rétt á meðan mæður lesa póstin frá skólanum heldur birtast sem þrástef í öllu þeirra lífi, hvort heldur við dagleg störf eða við að (reyna að) njóta frítíma. Að þessu leyti benda Dean o.fl. (2022) á að þriðja vaktin sé í raun ekki réttnefni þar sem „vakt“ gefi til kynna að hún hafi upphaf og endi. Eðli þeirra verkefna sem mæður hafa á sinni könnu á þriðju vaktinni og þeirra tilfinningalegu viðbragða sem þau óumflýjanlega vekja upp sé hins vegar að þau hafi hvorki upphaf né endi heldur séu yfir og alltumlykjandi alla daga. Hjá mæðrunum birtist þriðja vaktin tengd skóla- og tómstundavinnu í gögnunum á ýmsan hátt. Áberandi var að neikvæðar tilfinningar tengdar þriðju vaktinni höfðu mikil áhrif á álit mæðranna á sjálfum sér sem foreldrum en slíkt var ekki á nokkurn hátt að finna í svörum feðranna. Eftirfarandi tvö dæmi skýra þetta glögglega:

Já, oft [upplifir samviskubit]. Ef mér finnst ég ekki sinna börnunum nægilega vel t.d. vegna langra vinnudaga, þegar ég gleymi einhverju í tengslum við börnin, t.d. afmæli sem þeim var boðið í eða viðburði í skólanum. Finnst ég ekki nógu góð móðir og ásaka sjálfa mig. Ég verð oft lengi reið við sjálfa mig. Ég reyni að útskýra hvað gerðist og biðst afsökunar (móðir, í hjónabandi eða sambúð, eitt barn á aldrinum 1–5 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 251).

Oft upplifað samviskubit (mammviskubit) og það mun oftar en hamingju í tengslum við foreldrahlutverkið. Myndi segja að ég finni til einhvers konar samviskubits í tengslum við foreldrahlutverkið að minnsta kosti einu sinni á dag. [...] Ég hef líka upplifað það ef ég tel mig ekki hafa mætt þörfum barnsins á einhvern hátt, t.d. ef ég get ekki lesið með því eða ef ég gleymi að minna á sund/leikfimi-föt. Viðbragðið er yfirleitt það sama, ég ríf mig niður á einhvern hátt þar til ég verð vör við hvað ég er að gera og næ að stoppa hugsunina og rökræða við sjálfa mig. Ég upplifi samviskubit af því að mér finnst ég ekki vera að standa mig sem foreldri og að ég ætti að geta gert betur barninu mínu til heilla (móðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 6–17 ára, háskólamenntuð, utan höfuðborgarsvæðisins, svarandi númer 349).

Í svörunum hér að ofan má sjá að mæðurnar ásaka sjálfar sig, eru reiðar við sjálfar sig og rífa sig niður en eru sumar á sama tíma meðvitaðar um að þær ættu ekki að gera það, samanber móður númer 349 sem nær að stoppa sig af og fer að rökræða við sjálfa sig. Slík rökræða er auðvitað líka ákveðin hugræn byrði. Í svörum mæðranna mátti líka sjá að það að standa sig eða standa sig ekki á þriðju vaktinni virtist beintengt, í huga mæðranna, við að standa sig eða standa sig ekki sem foreldri. Þetta mátti sjá í orðum svarenda númer 452 og 353 sem skrifuðu:

Oft á dag [finn fyrir samviskubiti]. Þegar ég er þreytt eftir vinnu. Þegar ég gleymi skólaplígum. Þegar ég þarf að kaupa föt en á ekki fyrir því. Finnst ég aldrei standa mig og man aldrei neitt. Varð döpur og leið. Reyndi að segja að ég væri að gera eins vel og ég gæti án þess að trúá því (móðir, einhleyp, tvö börn á aldrinum 6–17 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 452).

Ég burðast með mjög mikið samviskubit og óöryggi. Það var örugglega þáttur í burnouti sem ég lenti í. Samviskubitið er mest tengt því að mér finnst ég ekki vita hvernig á að takast á við foreldrahlutverkið. Gleymi sundfötum og að mæta á viðburði. Sárast er að gleyma að mæta á skólaviðburði eða afmæli sem eru barninu mikilvægir. Hræðileg tilfinning að barnið bíði eftir mér vonsvikið. En eftir því sem börnin vaxa og fara að sýna að þau ætla að verða vandaðir einstaklingar þá verð ég öruggari (móðir, fráskilin, þrjú börn á aldrinum 6–17 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 353).

Við sjáum hér kristallast þróun móðurhlutverksins á Vesturlöndum undanfarna áratugi þar sem sívaxandi kröfur eru gerðar til mæðra. Tilfinningahitinn í skrifum svarendanna er augljós og ef til vill spilar það inn í að báðar þessar mæður eru einstæðar og því með enn minni stuðning en ella. Svarandi númer 353 segist „burðast“ með samviskubitið sem sýnir hversu íþyngjandi það er fyrir hana. Hún tengir það að gleyma sundfötum og að mæta á skólaviðburði með beinum hætti við árangur sinn í foreldrahlutverkinu. Það eina sem róar hana er að sjá börnin vaxa úr grasi sem vandaða einstaklinga. Vissan um að hún sé að standa sig þrátt fyrir að gleyma sundfötum kemur aðeins með tíð og tíma en ekki með gagnrýni á ríkjandi viðmið um foreldrahæfni sem gera svo óraunhæfar kröfur á foreldra, einkum mæður.

Hið sama má segja um svaranda númer 452 sem er döpur og leið yfir að gleyma „skólaplígum“ en í þeim gæti til dæmis falist heimanám og viðburðir í skólanum. Hún reynir að telja sér trú um að hún sé að gera eins vel og hún geti en trúir því samt ekki og finnst hún aldrei standa sig nógu vel. Sýn mæðranna á hlutverk sitt litast af oftrú á uppeldi sem hefur verið ráðandi hjá ríkari þjóðum heims undanfarna áratugi (Fargion, 2023; Gillies, 2008). Í því samhengi sem hér um ræðir felur oftrú á uppeldi í sér þá sannfæringu að allt sem vel eða miður fer í lífi barna sé á ábyrgð foreldra, einkum mæðra, en ekki stærri samfélagslegra afla eða umhverfis fjölskyldunnar. Mæðrunum finnst allt líf barnanna velta á því að þær muni eftir skólaviðburðum, lesi alla tölvupóstana og standi sig í stykkinu á þriðju vaktinni. Þegar þeim er talin trú um að svo mikið sé í húfi þá verða tilfinningalegu viðbrögðin við því að standa sig ekki fullkomlega í þessu hlutverki eðlilega samviskubit, kvíði og skömm. Samanburður við ímyndað, fullkomið foreldri kom einnig fram hjá mæðrunum en ekki hjá fedrunum. Þannig segir svarandi númer 342:

Líður stundum eins og öllum öðrum gangi svo mikið betur að muna eftir öllu og lesa alla fjandans tölvupóstana (móðir, fráskilin, þrjú börn á aldrinum 6–17 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 342).

Þessi samanburður er eitt af því sem plagar konur, að mati McRobbie (2015). Hún bendir á að núverandi þjóðfélagsskipulag byggji mjög á samkeppnishugsun á meðan samfélagsleg samábyrgð sé vanrækt. Þetta verði til þess að konur beri sig í sífellu saman við kynsystur sínar. Þær veiti sjálfum sér stíft taumhald með því markmiði að öðlast fullkomnun. Þetta á við um starfsframa kvenna, en þó enn frekar um heimilislíf þeirra og barnauppleidi. Á því sviði verður krafan um fullkomnun íþyngjandi og alltumlykjandi í lífi kvenna en ekki karla. McRobbie (2015) bendir á að samkeppni kvenna um fullkomnun og tilheyrandi taumhald þeirra á sjálfum sér sé í raun form af samfélagslegu ofbeldi, enda virðast afleiðingarnar vera stöðugt samviskubit, skömm og jafnvel sjálfsniðurrif.

Auk þess að vera kvíðnar yfir tölvupóstum, viðburðum, búningadögum og öðru slíku upplifðu mæðurnar einnig að umhirða barnsins fyrir skóladaginn væri á þeirra ábyrgð. Þær upplifðu þannig skömm ef þeim fannst þær ekki hafa sinnt þessari umhirðu:

Hef upplifað skömm ef það eru hundahár á fötum barnsins þegar það fer í leikskólann (móðir, í hjónabandi eða sambúð, eitt barn á aldrinum 1–5 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 169).

Bara mjög algeng [skömm]. Hún fer ógreidd í leikskólann, kannski á hún ekki viðeigandi föt (móðir, í hjónabandi eða sambúð, eitt barn á aldrinum 1–5 ára, háskólamenntuð, utan höfuðborgarsvæðisins, svarandi númer 405).

Já, [finn fyrir skömm] þegar ég hef ekki kempt barninu mínu fyrir leikskólann (móðir, í hjónabandi eða sambúð, tvö börn á aldrinum 1–5 ára, háskólamenntuð, höfuðborgarsvæðið, svarandi númer 125).

Þessar raddir heyrist einkum frá mæðrum barna á leikskólaaldri. Leiða má líkum að því að þær upplifi leikskólana sem vettvang þar sem þær eigi á hættu að vera dæmdar og finni þess vegna fyrir skömm ef barnið er ekki vel hirt fyrir leikskóladaginn. Skömmin sprettur ekki upp í tómarúmi heldur verður til í samspili þar sem fólk býst við að annað fólk dæmi sig, verður fyrir beinum eða

óbeinum dómi og dæmir sig svo sjálft (Chase og Walker, 2013). Í nýlegri rannsókn Fargion (2023) kom í ljós að foreldrar upplifðu gjarnan að þeir væru dæmdir fyrir foreldravenjur sínar af kennurum og öðrum fagfólki. Þannig hafði fagfólkið gjarnan þá sýn á uppeldi að það væri í höndum foreldra sem einstaklinga og tók ekki með í myndina þann flókna félagslega veruleika sem barnafjölskyldur búa við.

Svörin frá mæðrunum sem birtast hér að ofan bentu til þess að þær óttuðust að vera dæmdar af starfsfólki leikskólans og eða öðrum foreldrum sem kynnu að verða vitni að „hirduleysinu“. Fargion benti á að hugmyndafræði ákafrar mæðrunar og einstaklingsvæðing foreldrahlutverksins gætu með þessum hætti skaðað samband kennara og annars fagfólks við foreldra vegna þess að sýnin verður sú að allt sem miður fari í lífi barna sé foreldrum að kenna, einkum mæðrum. Líklega grefur það þannig undan nauðsynlegu trausti á milli heimila og skóla sem aftur bitnar á börnunum. Svör þessara mæðra vekja upp spurningar um með hvaða hætti samskiptum á milli leikskóla og foreldra er háttáð og hvernig væri hægt að vinna að því að mæður sæju fagfólk á skóla- og tómstundavettvanginum sem bandamenn sína í uppeldi og í að vinna gegn óhóflegum kröfum gagnvart mæðrum.

Lokaorð

Niðurstöður þessarar rannsóknar sýna hversu tilfinningahlaðin skóla- og tómstundavinna foreldra getur verið. Þetta á þó einkum við um mæður sem upplifa talsvert samviskubit og skömm í tengslum við skóla- og tómstundavinnu heimilisins, svo sem heimalestur og æfingar. Mæðurnar lýstu því hvernig þessar erfiðu tilfinningar gegnsýrðu vitund þeirra á meðan feðurnir minntust að takmörkuðu leyti á slíkt. Þeir feður sem svöruðu spurningalistanum minntust ekki á heimanám og lestur kom eingöngu fyrir í svörum í sambandi við stolt og hamingju en ekki samviskubit eða skömm. Að sama skapi minntust mæðurnar ítrekað á þá hugrænu byrði sem þær öxluðu vegna „allra tölvupóstanna“ og alls þess sem þyrfti að muna í tengslum við skóla og tómstundir barna þeirra á meðan feður minntust lítið á slíkt. Niðurstöðurnar reyndust því afar kynjaðar og benda til þess að hefðbundin verkaskipting foreldra, þar sem mæður annast börnin og bera ábyrgð á heimilishaldinu, sé nokkuð sterk í íslensku samfélagi. Þetta er áhugavert í ljósi þess að Ísland er almennt talið í fararbroddi á heimsvísu þegar kemur að jafnrétti kynjanna og að mikil áhersla hefur verið lögð á héraendis að jafna þátttöku kynjanna á vinnumarkaði og í heimilisstörfum (Ásdís A. Arnalds o.fl., 2013). Þetta hefur meðal annars verið gert með tilkomu jafns réttar karla og kvenna til fæðingarorlofs sem nú hefur verið nógu lengi við lýði til að foreldrar allra barna (18 ára og yngri) hafi átt kost á að nýta sér það. Þetta virðist ekki hafa skilað sér hvað varðar hugrænar byrðar á skóla- og tómstundavinnu foreldra.

Í þessari grein hef ég sett þessar niðurstöður í samhengi við sívaxandi áherslu stjórnvalda og menntamálayfirvalda á skóla- og tómstundavinnu foreldra, hugmyndafræði um ákafa mæðrun og oftrú á uppeldi. Áhersla er lögð á í skólastarfi hér, og raunar bundið í lög frá árinu 2008, að foreldrar skuli fylgjast með námi barna sinna og axla ábyrgð á því. Á sama tíma er talsverðu til kostað við að efla skipulagðar tómstundir barna og ungmenna héraendis. Lítið hefur verið rætt um hvaða áhrif þessi stefnumótun hefur á fjölskyldueininguna, samskipti innan hennar og andlega líðan foreldra. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til að afleiðingarnar hafi reynst neikvæðar, þar sem mæður upplifa samviskubit, kvíða og skömm yfir að standa ekki undir þeim miklu kröfum sem gerðar eru til þeirra hvað varðar skóla- og tómstundavinnu. Áköf mæðrun, með sinni kröfu um heimanám og tómstundaiðkun, setur þunga pressu á mæður og eykur hugræna byrði þeirra. Streita mæðranna setur mark sitt á tilfinningalíf þeirra og veldur þeim djúpstæðu samviskubiti og skömm.

Einnig sáust dæmi þess að þessi tilfinningalegu áhrif ákafrar mæðrunar mótuðu samskipti mæðranna við börnin sem urðu af þeim sökum neikvæðari, enda setur hugmyndafræði ákafrar mæðrunar þá kröfu á börn að þau séu meðfærileg og fús til samstarfs um heimanám og tómstundaiðkun. Samkvæmt henni verður uppeldi þannig að tæknilegri æfingu, sem hægt er að læra og annaðhvort klúðra eða gera rétt en ekki persónulegt og innilegt samband háð tíma, rúmi og samfélagsgerð hverju sinni (Gillies, 2008). Dean o.fl. (2022) bentu á að þriðja vaktin og heimilisstörf tengd umönnun barna væru í eðli sínu mjög tengd tilfinninga- og samskiptasviðinu, meira en önnur störf innan heimilisins svo sem

uppvask eða garðhirda. Þannig hefði þriðja vakt mæðra með beinni hætti neikvæð áhrif á andlega heilsu þeirra og tilfinningalíf. Slíkt bitnar ekki aðeins á mæðrunum heldur einnig á börnum þeirra og öllum samskiptum innan fjölskyldunnar.

Því er ljóst að hugmyndafræði ákafrar mæðrunar virðist ekki bera hag barna fyrir brjósti, heldur virkar hún fremur sem eins konar samfélagslegt taumhald á mæður. Þannig má leiða að því rök að hugmyndafræði ákafrar mæðrunar grafi undan því að foreldrar axli sameiginlega ábyrgð á uppeldi barna eða að skólakerfið, heilbrigðiskerfið og gildismat samfélagsins almennt sé til skoðunar í uppeldismálum. Þess í stað er öll framtíð barnsins talin velta á hversu vel móðirin sinnir utanumhaldi með námi og tómstundum og öðrum þáttum uppeldisins.

Hugmyndafræði ákafrar mæðrunar getur einnig rekið fleyg á milli foreldra annars vegar og fagfólks í skólum og frístundastarfi hins vegar. Ef almennt viðhorf samfélagsins litast af oftrú á uppeldi og ákafrar mæðrun leiðir það eðlilega af sér að mæðurnar óttast dóm fagfólks um uppeldishætti sína (Fargion, 2023), jafnvel minnstu atriði, eins og hundahár á fötum barns, eins og við sáum dæmi um hér að framan. Slíkt grefur án efa undan trausti, samábyrgð og samvinnu sem mæður og börn þurfa svo sárlega á að halda. Fargion (2023) benti á að þannig andrúmsloft gerði það einnig að verkum að fagfólk liti fram hjá hversu úrræðagóðir jaðarsettir foreldrar þurfa að vera í sínu uppeldi, en einnig þeim vanda og óvissu sem þeir oft eru í vegna fátæktar eða annarrar félagslegrar stöðu. Öll vandamál verða einstaklingsgerð.

Hér er mikilvægt að hafa í huga að sá hópur sem svaraði spurningalista þessarar rannsóknar var í forréttindastöðu hvað varðaði menntun, fjárhag og tungumálakunnáttu, sem var reyndar einn annmarki þessarar rannsóknar. Þrátt fyrir það sjáum við skýr merki um streitu, samviskubit, kvíða og skömm sem ráðandi hugmyndafræði samfélagsins um uppeldi virðist valda hjá mæðrum. Afar mikilvægt er að rannsaka með hvaða hætti samfélagslegur skilningur okkar á uppeldisvenjum hefur áhrif á tilfinningalíf mæðra sem ekki búa við sömu forréttindi og þær sem tóku þátt í þessari rannsókn. Búast má við að hugmyndafræði ákafrar mæðrunar og sívaxandi áhersla á skóla- og tómstundavinnu foreldra setji ómanneskjulegar kröfur á foreldra sem ekki eru í forréttindastöðu. Aukin áhersla á skóla- og tómstundavinnu foreldra getur leitt til þess að ójöfnuður í skóla- og frístundastarfi aukist þar sem jaðarsettar fjölskyldur, til að mynda af erlendum uppruna, hafa ekki sömu forsendur til að taka þátt í því (Antony-Newman, 2019; Eva Harðardóttir o.fl., 2023). Við vitum að dæmi eru um að mæður af verkalyðsstétt hérlendis upplifi sig jaðarsettar í foreldrastarfi í grunnskólum (Auður Magnús Auðardóttir, 2022b) en frekari rannsóknar er þörf. Gillies (2008) bendir á að foreldrar af verkalyðsstétt í Bretlandi upplifi mikla pressu frá ríkinu um að þeir séu kennarar barna sinna og að þeim finnist bæði erfitt en einnig ekki rétt að þeir eigi að standa undir þeim kröfum.

Hagsmunir barna eru órjúfanlega samtengdir hagsmunum foreldra þeirra, ekki síst þess foreldris sem ber hitann og þungann af uppeldisskyldum, þ.e. móðurinnar. Niðurstöður þessarar rannsóknar benda til þess að aukin áhersla á skóla- og tómstundavinnu foreldra bitni með nokkuð afgerandi hætti á andlegri heilsu mæðra en síður feðra. Við sjáum merki andstyggilegrar bjartsýni (sbr. Berlant, 2011) þar sem mæðurnar keppast við að ná fullkomnun í móðurhlutverkinu með neikvæðum afleiðingum fyrir fjölskylduna. Bjartsýnin felst í að trúa því að ákafa mæðrunin og öll skóla- og tómstundavinnan muni færa barninu og fjölskyldunni hamingju, stöðugleika, framtíðarmöguleika eða kannski virðingu – en hún er andstyggileg á þann máta að það að keppast við að ná viðmiðum áköfu mæðrunarinnar mun einmitt færa okkur fjær hamingjunni. Þannig vinnur glíman við að ná hamingju einmitt á móti því markmiði. Berlant (2011) áréttaði að það sem gerði þessa bjartsýni andstyggilega, en ekki einungis sorglega eða óþægilega, væri að fólk sleppti ekki svo auðveldlega trú sinni á markmiðið. Þetta óraunhæfa markmið finnst þeim gera lífið þess virði að lifa því og fyllir það tilhlökkun um leið og það ógnar velferð þess og lífshamingju. Sjá má að þessi skrif passa vel við hugmyndina um hina fullkomnu og fórnfúsu móður sem hefur verið svo miðlæg í lífi kvenna um aldir – og er jafnvel að sækja í sig veðrið. Það er flókið og næstum ómögulegt sem móðir að hætta að trúa á að sífelld betrun í hlutverki móðurinnar, sífelld viðvera, tómstundavinna, skólavinna og málörvun sé ávallt af hinu góða, jafnvel þó við sjáum merki um að þessi trú valdi okkur skaða.

Þær tilfinningar sem hér eru til skoðunar; samvískubít, kvíði, skömm, mynda samanlagt áhrifamikil taumhald á líf mæðra. Þær eru undir áhrifum andstyggilegrar bjartsýni og keppast við fullkornun. Eins og McRobbie (2015) bendir á er slíkt eitt form samfélagslegs ofbeldis og til þess fallið að stuðla að kúgun kvenna. Eitt af því sem kemur fram í gögnunum er skömm sem fylgir því að standast ekki þær óraunhæfu kröfur sem gerðar eru til mæðra. Ásta Jóhannsdóttir o.fl. (2022) skrifa um hvernig skömm stjórnar og agar fötluð ungmenni á þann hátt að þau innbyrða kerfislæga fötlunarfordóma sem aftur tengjast verri geðheilsu og slæmri líkamsímynd þeirra. Í grein þeirra sprettur skömm úr umhverfi þar sem ungmennunum er sífellt sagt, beint og óbeint, að þau séu óaðri en annað fólk. Þó hér sé um gerólíka rannsókn að ræða má velta fyrir sér hvort skömm mæðra, sem er tilkomin vegna óhóflegra krafna og samkeppnisumhverfis, verði til þess að þær innbyrði sexisma. Þeim fer þá að finnast skömm réttlætaleg og að þær og aðrar mæður eigi einfaldlega að leggja harðar að sér og vera agaðri. Mikilvægt er að gefa tilfinningum aukinn gaum í rannsóknnum á kúgun jaðarsettra hópa í framtíðinni.

Þegar unnið er að stefnumótun á sviði skóla- tómsunda- og uppeldismála héraendis er nauðsynlegt að taka alla fjölskyldueininguna inn í myndina en ekki láta sem svo að hægt sé að taka hagsmuni barna út fyrir sviga. Niðurstöður þessarar rannsóknar, sem studdar eru hliðstæðum niðurstöðum erlendis frá eins og rakið er hér að framan, benda til þess að ekki sé með óyggjandi hætti hægt að segja að aukin aðkoma foreldra að skóla- og tómsundavinnu sé til hagsbóta fyrir fjölskyldur. Við þurfum að búa til rými í opinberri umræðu til að gagnrýna hverja þá stefnumótun og hvert það viðhorf sem setur meiri byrðar á hendur mæðrum og sporna á móti þeirri tilhneigingu að hugsa um hagsmuni mæðra og hagsmuni barna sem aðskilda. Geinger o.fl. (2014) áréttuðu að við sem samfélag þyrftum að skapa rými fyrir foreldra þar sem þeir geta myndað tengsl og rætt um samfélagslegar kröfur til þeirra, sér í lagi mæðra, á gagnrýninn hátt. Í slíku rými væru uppeldisaðstæður ræddar í félagslegu samhengi en ekki í því meinta samfélagslega tómarúmi sem ákóf mæðrun og oftrú á uppeldi virðist eiga sér stað. Mikilvægt er að fagfólk sem kemur að uppeldi og menntun barna styðji við slíka viðleitni í stað þess að taka undir með hugmyndafræði ákafrar mæðrunar í nafni misskilinna hagsmuna barna.

“I feel like I’m failing and don’t remember anything”, gendered aspects of guilt, anxiety and shame in connection to parental school and leisure work

Parents are increasingly expected to cooperate with schools about their children’s education and be educators in the home. They are also expected to organise the children’s leisure time with sports or other extra-curricular activities. This is also the case here in Iceland but this trend and its ramifications for families has not been scrutinised. Rather, it has been taken as a self-evident truth that this development is positive for families. This study aims to understand in what way guilt, anxiety and shame manifest with mothers and fathers in connection to their work around the schooling or organised leisure activities of their children. This refers to anything parents do to support their children in these areas, such as providing homework assistance, driving to a music or sports practice, and attending events. Through exploring these feelings, I aim to shed light on the social context of families in Iceland and its gendered dimensions.

The data was collected through an online qualitative questionnaire where parents of children aged 0–18 years old were asked to describe their feelings in connection to parenthood. In total, 374 mothers answered the list, along with 76 fathers. The respondents were overwhelmingly university-educated and wrote fluent Icelandic. I analysed the data using reflexive thematic analysis and constructed two themes.

The first theme is “Am I doing this correctly?” Mothers’ responsibility for homework and organised leisure activities. This theme revolves around the feelings of anxiety and guilt that the mothers express in connection to the myriad of ways they are expected to support their children’s schooling and leisure activities. The fathers, on the other hand, did not express these feelings. As it so happens, throughout this study, I am comparing the agonising guilt, shame and anxiety of the mothers to the silence of the fathers. It is clear from the answers that the mothers shoulder the lion’s share of work in support of their children’s schooling and organised leisure activities. The latter theme is *All the Bloody Emails: Mothers on the Third Shift*. This theme shows the mental load of mothers, which is directly connected to working around school and their children’s extracurricular activities. This involves, for example, remembering events at school, remembering special days at school, and ensuring the child has everything it needs. The mothers compared themselves to an imaginary, perfect mother who can remember it all. There were also some examples of a mental load from the third shift from the fathers, but this was rare.

The analysis implies a highly gendered division of parental work supporting children’s schooling and extra-curricular activities in Iceland. Mothers shoulder the main responsibility of assisting with homework and other duties that are connected to this part of parenting, and this causes high levels of anxiety, guilt and shame. I discuss these results in the light of intensive mothering and individualisation of parenting. Mothers are meant to be extremely involved in all aspects of their children’s lives, which is uncritically claimed to be the best for the child. This is reflected in the increasing demand that parents be their children’s teachers at home. With the individualisation of parenting, we are made to believe that it is the mothers’ fault if anything goes wrong in their child’s life, and social circumstances are not considered. This heightens the perceived risk of parenting and creates anxiety and stress in mothers’ lives. The analysis also shows that the mentality of intensive mothering risks straining the relationship between mothers and their children, who are meant to be eager about their homework and extra-curricular activities. When they are not, the mothers’ anxiety, shame and guilt heightens, resulting in fights or negative interactions with their children. Policymakers and professionals who work with families need to be aware of the mental ramifications of intensive mothering and create a space for parents to resist it, connect, and critically discuss the social pressure mothers are under. The respondents of this study were privileged in terms of education, finances and language and still described immense pressure, anxiety and shame. Further

studies are needed to understand in what way intensive mothering and school and extra-curricular activities put pressure on mothers who are in marginalised positions due to their social class, disability, origin, or other factors.

Um höfund

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) er lektor í uppeldis- og menntunarfræði við Háskóla Íslands. Rannsóknir hennar fjalla allar á einn eða annan hátt um völd og valdatengsl. Hún leggur áherslu á að skilja félagslegan veruleika foreldra, einkum mæðra, á Íslandi með rannsóknum á tilfinningum tengdum foreldrahlutverkinu, þeim kröfum sem gerðar eru til mæðra og hvaða samfélagslegu afleiðingar þær hafa. Þá hefur hún einnig rannsakað markaðshyggju í menntun og félagslegt réttlæti í menntakerfinu á Íslandi. Að auki hefur hún þekkingu og áhuga á hinsegin veruleika innan íslensks skólakerfis. Auður beitir einkum eigindlegum aðferðum í rannsóknum mínum, til að mynda viðtölum, orðræðugreiningu og eigindlegum spurningalistum.

About the author

Auður Magnús Auðardóttir (ama@hi.is) is an assistance professor of education studies at the University of Iceland. The common nominator of her research interests is power and power relations in connection to education and parenting. She has focused on understanding the social reality of parents, especially mothers, in Iceland by researching affect related to parenthood, the demands made on mothers and what social consequences they have. She has also studied neoliberalism and social justice in the education system in Iceland. In addition, she has knowledge and interest in queer realities in connection to education and family matters. Methodologically she uses qualitative methods such as discourse analysis of media material, interviews and qualitative questionnaires.

Heimildir

- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2020). “I have turned into a foreman here at home”: Families and work-life balance in times of COVID-19 in a gender equality paradise. *Gender, Work and Organization*, 28(1), 268–283. <https://doi.org/10.1111/gwao.12552>
- Andrea Hjálmsdóttir og Valgerður S. Bjarnadóttir. (2021). Mæður á þriðju vaktinni í kórónaveirufaraldrinum. *Íslenska þjóðfélagið*, 12(1), 20–33. <https://hdl.handle.net/20.500.11815/2790>
- Antony-Newman, M. (2019). Parental involvement of immigrant parents: A meta-synthesis. *Educational Review*, 71(3), 362–381. <https://doi.org/10.1080/00131911.2017.1423278>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2022a). From progressiveness to perfection: Mothers’ descriptions of their children in print media, 1970–1979 versus 2010–2019. *European Journal of Cultural Studies*, 26(2), 212–292. <https://doi.org/10.1177/13675494221112445>
- Auður Magnús Auðardóttir. (2022b). ‘I am the black duck’: Affective aspects of working-class mothers’ involvement in parental communities. *British Journal of Sociology of Education*, 43(1), 22–39. <https://doi.org/10.1080/01425692.2021.1999791>
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir. (2021). Chaos ruined the children’s sleep, diet and behaviour: Gendered discourses on family life in pandemic times. *Gender, Work and Organization*, 28(S1), 168–182. <https://doi.org/10.1111/gwao.12519>
- Auður Magnús Auðardóttir og Annadís Greta Rúdólfssdóttir. (2022). First an obstacle, then every woman’s dream: Discourses of motherhood in print media, 1970–1979 versus 2010–2019. *NORA – Nordic Journal of Feminist and Gender Research*, 30(4), 236–248. <https://doi.org/10.1080/08038740.2022.2139753>
- Auður Magnús Auðardóttir og Kosunen, S. (2020). Choosing private compulsory schools: A means for class distinctions or responsible parenting? *Research in Comparative and International Education*, 15(2), 97–115. <https://doi.org/10.1177/1745499920921098>

- Ásdís A. Arnalds, Guðný Björk Eydal og Ingólfur V. Gíslason. (2013). Equal rights to paid parental leave and caring fathers – the case of Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 9(2), 323–344. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2013.9.2.4>
- Ásta Jóhannsdóttir, Snæfríður Þóra Egilson og Freyja Haraldsdóttir. (2022). Implications of internalised ableism for the health and wellbeing of disabled young people. *Sociology of Health & Illness*, 44(2), 360–376. <https://doi.org/10.1111/1467-9566.13425>
- Berlant, L. (2011). *Cruel optimism*. Duke University Press. <https://doi.org/10.1215/9780822394716>
- Braun, V. og Clarke, V. (2022). *Thematic analysis: A practical guide*. Sage.
- Braun, V., Clarke, V., Boulton, E., Davey, L., McEvoy, C. (2020). The online survey as a qualitative research tool. *International Journal of Social Research*, 24(6), 641–654. <https://doi.org/10.1080/13645579.2020.1805550>
- Cappellini, B., Harman, V., Marilli, A. og Parsons, E. (2019). Intensive mothering in hard times: Foucauldian ethical self-formation and cruel optimism. *Journal of Consumer Culture*, 19(4), 469–492. <https://doi.org/10.1177/1469540519872067>
- Chase, E. og Walker, R. (2013). The co-construction of shame in the context of poverty: Beyond a threat to the social bond. *Sociology*, 47(4), 739–754. <https://doi.org/10.1177/0038038512453796>
- Ciciolla, L. og Luthar, S. S. (2019). Invisible household labor and ramifications for adjustment: Mothers as captains of households. *Sex Roles*, 81(7-8), 467–486. <https://doi.org/10.1007/s11199-018-1001-x>
- Davey, L., Clarke, V. og Jenkinson, E. (2019). Living with alopecia areata: an online qualitative survey study. *British Journal of Dermatology*, 180(6), 1377–1389. <https://doi.org/10.1111/bjd.17463>
- Dean, L., Churchill, B. og Ruppner, L. (2022). The mental load: Building a deeper theoretical understanding of how cognitive and emotional labor overload women and mothers. *Community, Work and Family*, 25(1), 13–29. <https://doi.org/10.1080/13668803.2021.2002813>
- Eva Harðardóttir, Lay, E. og Berglind Rós Magnúsdóttir. (2023). Performing the norm in the Global north: Migrant parents' positions and participation within Icelandic schools. *British Journal of Sociology of Education*, 44(6), 1051–1066. <https://doi.org/10.1080/01425692.2023.2237198>
- Fargion, S. (2023). Representations of parenting and the neo-liberal discourse: Parents' and professionals' views on child-rearing practices in Italy. *Journal of Family Studies*, 29(1), 188–204. <https://doi.org/10.1080/13229400.2021.1905049>
- Fielding-Singh, P. og Cooper, M. (2023). The emotional management of motherhood: Foodwork, maternal guilt, and emotion work. *Journal of Marriage and Family*, 85(2), 436–457. <https://doi.org/10.1111/jomf.12878>
- Geinger, F., Vandenbroeck, M. og Roets, G. (2014). Parenting as a performance: Parents as consumers and (de)constructors of mythic parenting and childhood ideals. *Childhood*, 21(4), 488–501. <https://doi.org/10.1177/0907568213496657>
- Gewirtz, S. (2001). Cloning the Blairs: New labour's programme of the re-socialization of working-class parents. *Journal of Education Policy*, 16(4), 365–378. <https://doi.org/10.1080/02680930110054353>
- Gillies, V. (2008). Perspectives on parenting responsibility: Contextualizing values and practices. *Journal of Law and Society*, 35(1), 95–112. <https://doi.org/10.1111/j.1467-6478.2008.00416.x>
- Haley-Lock, A. og Posey-Maddox, L. (2013). Fitting it all in: The interplay of parental employment and school engagement. *SSRN Electronic Journal*. <https://doi.org/10.2139/ssrn.2366114>
- Hays, S. (1996). *The cultural contradictions of motherhood*. Yale University Press.
- Holloway, S. L. og Pimlott-Wilson, H. (2013). Parental involvement in children's learning: Mothers' fourth shift, social class, and the growth of state intervention in family life. *Canadian Geographies – Géographies Canadiennes*, 57(3), 327–336. <https://doi.org/10.1111/cag.12014>
- Holloway, S. L. og Pimlott-Wilson, H. (2019). Schools, families, and social reproduction. Í H. Jahnke, C. Kramer og P. Meusburger (ritstjórar), Geographies of schooling (bls. 281–296). *Springer International*. https://doi.org/10.1007/978-3-030-18799-6_14
- Ingólfur V. Gíslason og Sunna Kristín Símonardóttir. (2018). Mothering and gender equality in Iceland: Irreconcilable opposites? *Social Policy and Society*, 17(3), 457–466. <https://doi.org/10.1017/S1474746417000525>
- Kristín Jónsdóttir. (2013). Desirable parental participation in activities in compulsory schools. *Barn*, 31(4), 29–44. <https://doi.org/10.5324/barn.v31i4.3747>

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

McRobbie, A. (2015). Notes on the perfect. *Australian Feminist Studies*, 30(83), 3–20. <https://doi.org/10.1080/08164649.2015.1011485>

Mennta- og barnamálaráðuneytið. (2022). *Tómstunda- og félagsstarf barna og ungmenna til 2030*. [https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Skyrslur/aeskulydsstefna-mars-2022%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://www.stjornarradid.is/library/03-Verkefni/Menntamal/Skyrslur/aeskulydsstefna-mars-2022%20-%20Copy%20(1).pdf)

OECD. (2022, 10. janúar). *Employment: Labour force participation rate, by sex and age group*. <https://stats.oecd.org/index.aspx?queryid=54741>

Pétur Magnússon. (2023, 1. október). Verkaskipting á íslenskum heimilum ójöfn og kynjuð. *RÚV*. <https://www.ruv.is/frettir/innlent/2023-10-01-verkaskipting-a-islenskum-heimilum-ojofn-og-kynjud-392821>

Ragnheiður Davíðsdóttir. (2023). Dulin misskipting í jafnréttisparadís? Kynjuð verkaskipting hugrænnar vinnu á íslenskum heimilum [meistararitgerð, Háskóli Íslands]. *Skemman*. <http://hdl.handle.net/1946/43781>

Rannsóknir og greining. (e.d.). *Íslenska módelið*. <https://rannsoknir.is/islenska-modelid/>

Robertson, L. G., Anderson, T. L., Hall, M. E. L. og Kim, C. L. (2019). Mothers and mental labor: A phenomenological focus group study of family-related thinking work. *Psychology of Women Quarterly*, 43(2), 184–200. <https://doi.org/10.1177/0361684319825581>

Sunna Kristín Símonardóttir. (2016). Constructing the attached mother in the “world’s most feminist country”. *Women’s Studies International Forum*, 56, 103–112. <https://doi.org/10.1016/j.wsif.2016.02.015>

Sunna Kristín Símonardóttir og Hlédís Maren Guðmundsdóttir. (2022). „Manni líður eins og maður sé alltaf að stara í ginið á ljóninu“: Viðhorf ungra kvenna til barneigna. *Íslenska þjóðfélagið*, 13(1), 107–122. https://fibi.hi.is/wp-content/uploads/2023/01/Sunna_Hledis_2022.pdf

Toarlen, M. og Wilkinson, S. (2004). Exploring the depilation norm: A qualitative questionnaire study of women’s body hair removal. *Qualitative Research in Psychology*, 1(1), 69–92. <https://doi.org/10.1191/1478088704qp006oa>

Vincent, C. (2017). ‘The children have only got one education and you have to make sure it’s a good one’: Parenting and parent-school relations in a neoliberal age. *Gender and Education*, 29(5), 541–557. <https://doi.org/10.1080/09540253.2016.1274387>

Wayne, J. H., Mills, M. J., Wang, Y. R., Matthews, R. A. og Whitman, M. V. (2023). Who’s remembering to buy the eggs? The meaning, measurement, and implications of invisible family load. *Journal of Business and Psychology*, 38, 1159–1184. <https://doi.org/10.1007/s10869-023-09887-7>

Williamson, T., Wagstaff, D. L., Goodwin, J. og Smith, N. (2023). Mothering ideology: A qualitative exploration of mothers’ perceptions of navigating motherhood pressures and partner relationships. *Sex Roles*, 88(1), 101–117. <https://doi.org/10.1007/s11199-022-01345-7>



Auður Magnús Auðardóttir. (2023)

„Finnst ég aldrei standa mig og man ekki neit“: Samviskubit, kvíði og skómm mæðra og fedra í tengslum við skóla- og tómstundavinnu barna Netla – Veftímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2023/alm/17.pdf>

DOI: <https://doi.org/10.24270/netla.2023/17>